

## Styrkbeiðni vegna reksturs Aflsins 2021

Aflið, samtök gegn kynferðis og heimilisofbeldi hefur starfað frá árinu 2002. Þjónusta Aflsins er fyrir alla þá sem beittir hafa verið kynferðis- og/eða heimilisofbeldi í sinni víðustu mynd. Starfsemi Aflsins gagnvart skjólstæðingum byggir á einstaklingsviðtölum og sjálfshjálparhópum sem sýnt hefur verið fram á að er mikilvægur þáttur í því ferli að takast á við afleiðingar ofbeldis.

### **Þjónusta Aflsins er veitt brotaþolum og aðstandendum að kostnaðarlausu.**

Frá upphafi hefur fjöldi þeirra sem til Aflsins leita aukist frá ári til árs. Sem dæmi má nefna að árið 2009 voru 324 einstaklingsviðtöl veitt en árið 2019 voru þau 1302. Um það bil fjórðungur þeirra sem til okkar leita eru búsettir utan Akureyrar og því mikilvægt fyrir öll sveitarfélög að þjónusta Aflsins sé öflug og að við getum haldið áfram að þróa starfið.

Aflið hefur verið fjármagnað að hluta til með framlögum ríkisins en án framlaga sveitarfélaga, félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga gætum við ekki tekið á móti þeim fjölda sem til okkar leitar. Því leitum við nú til ykkar um styrk svo mögulegt sé að halda áfram að þróa Aflið og styðja á sem faglegastan hátt við brotaþola ofbeldis á landsbyggðinni. Þörfin er því miður til staðar og afleiðingar ofbeldis víðtækar og hafa ekki eingöngu áhrif á þann sem því er beittur heldur samfélagið í heild sinni og það er því samfélagsleg ábyrgð okkar allra að stuðla að bættri þjónustu við brotaþola og aðstandendur þeirra. Það er einlæg von okkar að þið takið þessu erindi vel og séuð tilbúin til að styðja við starfsemina með fjárstyrk. Öll framlög eru vel þegin.

Með vinsemd og virðingu  
Ráðgjafar og stjórn Aflsins

